

Ed.

761. Nefndarálit

[58. mál]

um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Á sínum tíma áttu þingmenn Alþýðuflokksins hlut að því að leggja sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði sem tímabundið úrræði til eins árs, vegna sérstakra efnahagsaðgerða haustið 1978. Þingmenn Alþýðuflokksins hafa fallist á tilmæli um tímabundna framlengingu þessa skatts tvívegis síðar. Það er þó skoðun þingflokks Alþýðuflokksins, að gjalda beri mikinn varhug við að festa slíka skammtímafjáröflun í sessi, en í þá átt stefnir vissulega með þessari skattheimtu. Telur þingflokkur Alþýðuflokksins að nú sé kominn tími til að taka ákvörðun um að stöðva þessa þróun, þannig að aðilum, sem undirbúa fjárlaga-gerð, verði gert ljóst, að Alþingi muni ekki fallast á að endurnýja umræddan skatt til frambúðar um eitt ár í senn, og jafnframt hvenær þessi skattheimta verði látin niður falla.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir yfirstandandi ár lagði þingflokkur Alþýðuflokksins til að umræddur skattur yrði felldur niður í tveimur áföngum, lækkaður um helming á þessu ári og alfarið felldur niður á næsta ári.

Þá kom fram að þetta sjónarmið virtist eiga skilningi og stuðningi að mæta hjá öðrum þingmönnum, m. a. úr Framsóknarflokki. Barú þeir því hins vegar við, að nægur tími væri til að taka afstöðu til þessa máls, fyrir vorið 1982. Nú er sá tími kominn, og því þykir rétt að láta reyna á hvort hugur fylgdi máli.

Ég flyt á sérstöku þingskjali breytingartillögu um að skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði verði lækkaður um helming. Verði sú tillaga samþykkt munum við Alþýðuflokksmenn greiða atkvæði með framlengingu skattsins í því formi eitt ár til viðbótar. Verði sú tillaga felld styðjum við ekki framlengingu skattsins og munum greiða atkvæði gegn frekari framlengingu hans verði þess leitað á næsta þingi.

Alþingi, 27. apríl 1982.

Eiður Guðnason.